



Fundargerð framkvæmdastjórnar Sósíalistasflokks Íslands 8. janúar 2018

Fundur Framkvæmdastjórnar Sósíalistasflokks Íslands. Haldinn 8. janúar 2018 í Hlutverkasetri. Fundur hófst klukkan 19:10. Mætt voru Gunnar Smári Egilsson, Margrét Pétursdóttir, Gísli Pálsson, Viðar Þorsteinsson og Birna Eik Benediktsdóttir. Viðar Þorsteinsson ritaði fundargerð. Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

1 · Fundargerðir síðustu funda

Engin fundargerð liggur fyrir af síðasta boðaða fundi (18. desember 2017), enda var hann óformlegt spjall um verkalýðsmál.

2 · Lög og skipulag

Rætt var um drögin sem Viðar hefur ritað að lögum og skipulagi. Ábending hefur komið fram á frá Gísla um að setja inn meiri umhverfisáherslu. Einnig rætt um að skýra hvernig slembivali verði háttar.

Í tengslum við lög og skipulag og kjör nýrra stjórnarmanna lagði Viðar fram tillögu um nokkur markmiðstengd verkefni sem nýir virkir félagsmenn gætu tekið að sér, t.d. fjölgun félagsmanna, efling nærveru á samfélagsmiðlum og fleira.

Samþykkt var að Viðar myndi stofna „kaffistofuhóp“ virkra félagsmanna þar sem þessi tillaga yrði borin upp, ásamt öðru eftir atvikum.

3 · Sósíalístapíng

Rætt var tilhögun og dagskrá Sósíalístapíngs sem haldið verður 20. janúar. Samþykkt að fela Gunnari Smára að bóka Rúgbrauðsgerðina, húsnæði sem hentar ágætlega.

Rætt um mikilvægi þess að endurreisn verkalyðshreyfingarinnar fái veglegan sess á þínginu.

Rætt var sveitarstjórnarmál og hvernig haga eigi umræðu um mögulegt framboð. Viðstaddir féllust á að umræðan væri fremur skammt komin innan flokksins. Stundið var upp á að umræða á þínginu gæti verið fremur opin og ekki lagt upp með að taka ákvörðun þar heldur mögulega á framhaldsfundi. Umræða á Sósíalístapíngi yrði þá til að „tappa af“ félagsmönnum, en ákvörðun yrði tekin síðar. Gott að umræðan fari nokkra hringi og nái þroska. Þá er möguleiki á einhvers konar framboði sem yrði ekki í nafni Sósíalístaflokksins en sem hann styddi. Rætt vítt og breitt um ýmsar hliðar sveitastjórnarmál. Gísli Pálsson tók að sér að heyra ofan í félagi sinn, Hallgrím Guðmundsson fyrr. bæjarstjóra í Hveragerði.

Eftirfarandi dagskrárdrög voru rædd:

Dagskrárlíður	Lengd (mínútur)
Aðalfundarstörf þ.m.t. lög og skipulag (önnur en stjórnarkjör)	40
Endurreisn verkalyðshreyfingarinnar	50
Stefnukynning (m mat)	90
Sellustarf kynnt	20
Þjóðum við fram til sveitastjórna?	90
Samþykkt stefnu (atkvæðagreiðsla) + nýir málefnaþópar	25
Aðalfundarstörf (stjórnarkjör)	25
Samtals 5 klst og 40 min	340

Fundi framkvæmdastjórnar lauk um 20:30 og var þá efnt til samráðsfundar með félags- og málefnaþjórnnum. Voru þar dagskrárdrög Sósíalístapíngs kynnt, sem og tillaga Viðars um markmiðstengd verkefni.

Rætt var um að Gunnar Smári myndi byrja að auglýsa þíngið strax á morgun. Rætt var um mikilvægi öflugrar fundarstjórnar til að vinna gegn óþörfum þæfingum mála, t.d. lagabreytingum.